

Ritdómur Sundkýrin Sæunn

Ritdómur unnin af Rahilu Söru í 2.b. Grunnskólanum Hellu

Höfundur bókarinnar er Eyþór Jóninsson og Freydís

Kristjánsdóttir teiknaði myndir. Bókin er byggð á sannri sögu.

Bókin fjallar um kýr sem fer í sláturhús en sleppur frá slátraranum á ótrúlegan hátt.

Kýrin á heima á Breiðdal í Önundarfirði. Þegar Sæunn

var að synda yfir fjörðinn þá elti bátur hana og slátrarinn var í bátnum. Þegar Sæunn kom á land

var báturinn rétt við ströndina. Nær slátrarinn Sæunni? Verður Sæunni kannski bjargað?

Mér fannst mjög skemmtilegt að lesa bókina og myndirnar fallegar.

Ég mæli með þessari bók ef þér finnst gaman að lesa um dýr.

Ég gef þessari bók fimm stjörnur af fimm mögulegum.

